

Ed.

477. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjeraða.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Hjeraðslæknir hver fær að árslaunum 1800 kr. Aðstoðarlæknunum skal veita 1100 kr. þóknun á ári.

2. gr.

Fyrsti og annar málsliður í 3. gr. nefndra laga fellur hjer með úr gildi.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. júlí 1918.

Greinargerð.

Að því er snertir greinargerð fyrir frumvarpi þessu vísast til greinargerðarinnar við frumvarp til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs.